

Starfsáætlun Barnaborgar

skólaárið 2022 – 2023



Barnaborg
ÞINGEYJARSVEIT JÚNÍ 2022

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
HÚSNÆÐI, BARNAFJÖLDI OG STARFSFÓLK	2
YFIRSTJÓRN LEIKSKÓLANS	2
ÞEMU	3
VIÐBURÐIR	4
<i>Leikskólinn opnar eftir sumarlokun</i>	4
<i>Fjöruferð</i>	4
<i>Ömmu- og afakaffi</i>	4
<i>Uppskeruhátíð</i>	4
SÉRSTAKIR DAGAR	4
LÍFIÐ Í LEIKSKÓLANUM	5
<i>LEIKURINN</i>	5
<i>SKÖPUN</i>	6
<i>UMHVERFIÐ</i>	6
<i>HVÍLD</i>	7
<i>SAMVERUSTUNDIR</i>	7
<i>ÚTIVERA</i>	8
<i>MATARTÍMAR</i>	8
<i>FORSTOFAN</i>	8
JÁKVÆÐUR AGI	9
ÞÁTTÖKUADLÖGUN	9
SAMSTARF VIÐ FORELDRA	10
ÖRYGGISHANDBÓK	10
VINNULAG Í BARNABORG	11
INNRA MAT	12
<i>MATSÁÆTLUN TIL FIMM ÁRA</i>	12
HEIMILDIR	14
VIÐAUKI 1: LEIKSKÓLADAGATAL	16
VIÐAUKI 2: DAGSKIPULAG BARNABORGAR	17

Inngangur

Hér á eftir er fjallað um skólastarfsemi Barnaborgar starfsárið 2022 - 2023. Skipulag og megináherslur í starfinu eru kynntar ásamt upplýsingum um öryggisáætlun, samstarf við foreldra, innra mat og vinnulag starfsfólks. Helstu markmið starfsársins 2022 – 2023 eru að auka gæði starfsins með virku innra mati og efla lýðræði í leikskólasamfélaginu og auka virkni barnanna í umræðum og ákvörðunum um leikskólastarfið. Námskrá Barnaborgar 2022 – 2025 endurspeglar áherslur á aukna lýðræðislega hugsun í skólastarfinu og útfærslur á öfluggu innra mati.

Húsnæði, barnafjöldi og starfsfólk

Barnaborg er til húsa í suðurenda Þingeyjarskóla í Aðaldal. Húsnæðið er rúmgott og nýlegt. Ein deild er í leikskólanum og áhersla lögð á tengsl og samskipti barnanna þvert á árganga. Þegar yngri börnin þurfa næði er nemendahópnum skipt milli svokallaðs gula svæðis og græna svæðis. Útissvæði leikskólans er lítið en ríkulega búið leiktækjum. Utan girðingar tekur við stærra leiksvæði, sameiginlegt grunnskólanum með fleiri leiktæki og fjölbreytta náttúru og landslag.

Reiknað er með að í ágúst 2022 muni um 20 börn á aldrinum 10 mánaða til 5 ára eiga vistun í Barnaborg. Áætlað er að 5 starfsmenn í tæplega 5 stöðugildum verði við leikskólann í vinnu við umönnun og kennslu barnanna. Þar af er leikskólakennari, sérkennari og iðjubjálfi. Sérkennari Barnaborgar sinnir sérkennslu og vinnur ásamt deildarstjóra með stoðteymi Þingeyjarskóla. Talmeinafræðingur Þingeyjarskóla kemur einu sinni í viku og hittir nemendur Barnaborgar. Íþróttakennari Þingeyjarskóla sinnir íþróttatímum og tónlistarkennari tónlistartímum.

Yfirstjórn leikskólans

Fræðslunefnd Þingeyjarsveitar starfar samkvæmt erindisbréfi frá árinu 2010.

Þar segir m.a. að fræðslunefnd hafi forgöngu um mótun skólustefnu fyrir sveitarfélagið og sé tengiliður sveitarstjórnar við fagstofnanir um stefnumótun í

fræðslumálum. Fræðslunefnd veitir sveitarstjórn umsögn um ákvarðanir varðandi fræðslumál og gerir tillögur til sveitarstjórnar um árlega fjárhagsáætlun skólastofnana sveitarfélagsins (Þingeyjarsveit 2011). Í sameinuðu sveitarfélagi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar mun ný fræðslunefnd taka til starfa að hausti 2022. Fram að því er unnið samkvæmt ákvörðunum og áherslum fráfarandi fræðslunefndar.

Leikskólinn Barnaborg er hluti af Þingeyjarskóla. Skólastjóri ber ábyrgð á rekstri leikskólans og að unnið sé eftir þeim lögum og reglugerðum sem eiga við um leikskóla. Deildarstjóri sinnir hefðbundinni deildarstjórn en er einnig staðgengill leikskólastjóra og leiðir faglegt starf leikskólans, sinnir verkstjórn og skipulagningu.

Barnaborg starfar eftir verklagsreglum sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar um leikskóladeildir Þingeyjarskóla. Þar er m.a. kveðið á um innritunarreglur, opnunartíma leikskólans, trúnaðarskyldu starfsfólks og fleira sem starfsfólki leikskólans ber að fara eftir (Þingeyjarsveit, 2019).

Þemu

Valin þemu fyrir starfsárið eru víð og geta þróast í þær áttir sem áhugi barnanna og námstækifæri hvernar stundar leiða okkur. Þau eru ætluð sem hugmyndir í starfið, tenging við árstíðirnar, náttúruna og skólasamfélagið.

- ❖ Við hefjum starfsárið í ágúst með því að hlúa sérstaklega að vináttu og samskiptum barnanna.
- ❖ Þemu september og októbermánaðar eru fjaran og sjórinn, haustið og árstíðaskiptin.
- ❖ Þemu nóvember eru ég sjálf/ur, líkaminn, fjölskyldan og húsið mitt.
- ❖ Þemu desember eru jólin og tilfinningar.
- ❖ Þemu janúar eru náttúruöflin, himingeimurinn og jörðin.
- ❖ Þema febrúar er íslenskur menningararfur.
- ❖ Þemu mars eru börn og barnamenning um allan heim.

- ❖ Þema apríl er náttúran í kringum okkur, t.d. Laxá, Skjálfandafljót og fjöllin sem við sjáum.
- ❖ Þemu maí eru vorið og sauðburður.
- ❖ Þemu júní er útivera og leikur með vatn, sull og drullumall.

Viðburðir

Leikskólinn opnar eftir sumarlokun þriðjudaginn 9. ágúst 2022

opnar leikskólinn aftur eftir sumarlokun.

Fjöruferð

Í september er áætlað að fara í fjöruferð.

Ömmu- og afakaffi
16. nóvember bjóða

leikskólabörnin ömmum-
öfum eða öðrum nánum
aðstandendum í
síðdegiskaffi í
leikskólanum.

Uppskeruhátíð

Á vordögum bjóða leikskólanemendur foreldrum sínum í heimsókn að njóta listaverka sinna og söngs.

Sérstakir dagar

Í Barnaborg eru allir dagar bangsadagar því alltaf er velkomið að koma með lítinn bangsa með sér í leikskólann. Jafnframt eru allir dagar bókadagar því börnin mega gjarnan koma með bók í leikskólann að heiman.

- ❖ Í október er búningadagur.
- ❖ 8. nóvember ár hvert er baráttudagur gegn einelti. Í tengslum við það höldum við öfugsnúinn furðufatadag í leikskólanum.



- ❖ Í desember er piparkökubakstur og litlu jól leikskólans. Foreldrafélag leikskólans skipuleggur einnig samverustund foreldra, barna og starfsfólks hluta úr leikskóladegi.
- ❖ Í janúar er dótadagur.
- ❖ Í febrúar smökkum við þorramat.
- ❖ Í mars er haldið upp á öskudaginn.
- ❖ Í apríl er fönðrað og skreytt í tengslum við páskafrí og vorkomu.
- ❖ Í maí er farið í sveitiferð að skoða lömbin og fleiri dýr.
- ❖ Í júní heldur foreldrafélagið grilldag með ýmsum uppákomum.

Lífið í leikskólanum

Leikurinn

Leikur barna er grundvallaratriði í starfinu, hefur gildi í sjálfum sér, um leið og hann er megin náms- og þroskaleið barna.

Sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barna og mikill gleðigjafi. Í leik geta börn notið bæði hvíldar og útrásar. Dagskipulag Barnaborgar skal skapa öryggi, gott svigrúm fyrir leik barnanna og námstækifæri sem skapast hverju sinni. Börnin eiga að fá tíma, pláss og næði til að sökkva sér niður í leik. Til þess að glæða leikinn lífi þurfa börn fjölbreytta upplifun úr náttúru, umhverfi og samskiptum. Af þeirri reynslu skapast þekking, athafnir, leikni og nýjar tilfinningar.

Með því að virða leikinn, skoða hann, þekkja og vera þátttakandi í honum fær kennari góða mynd af getu og þroska hvers barns, stöðu þess í barnahópnum og samskiptum barnanna.



Hlutverk kennara er að hlúa vel að samskiptum barna og kennara og samskiptum barnanna innbyrðis. Kennarar eru meðvitaðir um gildi leiksins og mikilvægi þess að vera til staðar ef á þarf að halda, til að styðja leikinn eða grípa inn í ef þörf krefur. Inngrip og áhrif starfsfólks og kennara á leik barnanna þarf að ígrunda vel (Beckett, 2019); jafnframt þarf að hlúa að leiknum svo öll börnin geti notið sín. (Den styrkede pædagogiske læreplan, rammer og indhold, 2018).

Sköpun

Sköpun er einn af grunnþáttum menntunar, mikilvægur þáttur í öllu skólastarfi, samofin forvitni, frumkvæði og lausnaleyti í námi. Við sköpum með ímyndunaraflinu, tungumálinu, sögum, leir, litum, skærum, lími, leikföngum, snjó, vatni, rorum, mold, málningu, viðarbúttum, sagi, vír, samskiptum og svo mætti lengi telja. Slíkt viðhorf til sköpunar á að móta allt starfið í Barnaborg þar sem við leggjum áherslu á að virkja sköpunarkraft barnanna og hafa fjölbreyttan efnivið til staðar öllum stundum.



Umhverfið

Við leggjum áherslu á skipulagt og aðlaðandi umhverfi í Barnaborg. Leikföngum er raðað í hillur og skúffur og við hjálpumst að við tiltekt. Við ræðum um hversu vel gengur þegar allir hjálpast að, flokkum og greinum hvaða dót á heima á hverjum stað. Við leitumst við að ganga frá listaverkum barnanna á fallegan máta og hengja upp þannig að verkefni og áhugi

barnanna sem eru í leikskólanum hverju sinni móti umhverfið í leikskólanum. Á vegg hangir afmælisdagatal, með mynd af hverju barni.

Hvíld

Á aldrinum 9 mánaða til rúmlega eins árs getur svefnrúfina og svefnþörf barna breyst mikið. Leikskólinn tekur þátt í að móta svefnvenjur barna á þessum aldri. Reynt er að koma til móts við óskir foreldra um svefn inni eða úti. Börn sem sofa einu sinni á dag eða eru hætt daglúrum fara eftir hádegismatinn í hvíld. Við drögum fyrir glugga, leggjum dýnur, kodda og teppi á gólfinn og minnkum hávaða í leikskólanum. Eldri börnin hlusta á sögur, leikrit og rólega tónlist. Yngri börnin eru færri saman í hvíld og hlusta á slökunartónlist. Við leggjum áherslu á að allir fá tækifæri til að slaka á.

Samverustundir

Samverustundir eru rótgróinn hluti af leikskólastarfi og helsta einkenni þeirra er að þar skapast sameiginleg athygli hópsins á ákveðnu viðfangsefni. Börn og



starfsfólk setjast saman í samverustundir að minnsta kosti tvisvar sinnum á dag. Í samverustundum er sungið, lesið, sagðar sögur og farið í ýmsa leiki. Börnin fá að nota allan líkamann og skynfærin í samverustundum.

Tónlist skipar veglegan sess í leikskólastarfinu. Börnin syngja á hverjum degi, hlusta á tónlist, heyra þulur, upplifa hrynjandi, rím og hvernig tal og tónar fléttast saman.

Útivera

Útivera örvar alhliða þroska barnanna. Þau fá tækifæri til að hreyfa sig, styrkjast og kynnast náttúrunni. Börnin eru hvött til að leika um allt útsvæðið, klifra í trjám, hlaupa um og byggja upp þol til útiveru í mismunandi veðri. Öll börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag. Þau fá tækifæri til að venjast vindi, kulda og úrkomu. Við leggjum áherslu á samvinnu við foreldra um þægileg og viðeigandi útiföt fyrir börnin.



Matartímar

Morgunmatur byrjar kl. 8:30 og er til kl. 9:00. Hádegismatur er kl. 11:30 til 12:00. Við hvetjum börnin til að smakka allan mat og ræðum um matinn á jákvæðan hátt. Börnin fá nónhressingu kl. 14:30. Yngstu börn leikskólans matast í leikskólahúsnæðinu, eldri börnin matast í sameiginlegum borðsal Barnaborgar og Þingeyjarskóla.

Forstofan

Í forstofu takast börnin á við það krefjandi og þroskandi verkefni að klæða sig fyrir útiveru. Það eflir fín- og grófhreyfiþroska, mál- og vitsmunapróska og ályktunarhæfni. Við setjum orð á athafnir og fatnað, hvetjum börnin til að klæða sig sjálf í fötin og bendum þeim á hversu mikið þau geta. Foreldrar skulu setja útiföt í hól barnanna og hengja á snagana. Aukaföt eru geymd í efra hólf í forstofu. Í lok dags er ætlast til að foreldrar taki blaut og skítug útiföt heim í þvott.



Jákvæður agi

Stefnan um jákvæðan aga verður áfram hornsteinn í leikskólastarfinu. Grundvallaratriði líkt og talsmáti og jákvæð framkoma starfsfólks hefur fest rætur í starfinu. Næsta starfsár leggjum við áherslu á að gefa börnunum verkfæri til að vinna með í samskiptum sínum og efla félagslega færni þeirra.

Þátttökuaðlögun

Í Barnaborg fer fram þátttökuaðlögun þegar barn byrjar í leikskólanum. Þátttökuaðlögun byggist á þeirri hugmyndafræði að ekki er verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur er það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Jafnframt byggist þátttökuaðlögun á þeirri kenningu að foreldrar smiti eigin öryggiskennd og forvitni í nýjum aðstæðum til barna sinna. Þátttökuaðlögun felur í sér að foreldrar eru þátttakendur frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum og hafa þannig tækifæri til að kynnast dagskipulaginu, starfsfólki og því námi og starfi sem fram fer í leikskólanum. Þannig geta foreldrar öðlast öryggi sem gefur börnunum mjög sterk skilaboð um að leikskólinn sé öruggur staður til að vera á (Kristín Dýrfjörð, 2009).

Áætlun fyrir þátttökuaðlögun er eftirfarandi:

Foreldrar eru með börnunum í þrjá daga:

Dagur 1: frá kl. 9:00 – 11:30

Dagur 2: frá kl. 9:00 – 15:00

Dagur 3: frá kl. 8:00 – 15:00

Foreldrarnir eru inni á deild með börnunum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna börnum sínum, skipta á þeim, gefa þeim að borða, leika með þeim og eru til staðar. Kennararnir eru einnig virkir þátttakendur í aðlöguninni, ræða við foreldri og barn og sinna leikskólabörnunum. Á fjórða degi koma börnin um morguninn og kveðja foreldrana fljótlega. Á 4. og 5. degi hefur reynslan sýnt að gott er fyrir börnin að vera sótt fljótlega eftir að þau vakna, þ.e. þau sem leggja sig aðeins einu sinni á dag í leikskólanum, kringum hádegisbilið. Starfsfólk metur aðlögunarferlið út frá þörfum hvers barns og ræðir við foreldra ef betra virðist að sveigja frá skipulaginu. Þau börn

sem eiga vistunartíma færri daga vikunnar, fylgja áætluninni að mestu en reikna má með lengri viðveru foreldra fyrstu tvo dagana í annarri viku barnsins í leikskólanum.

Samstarf við foreldra

Á covid-tímum minnkaði aðkoma foreldra að leikskólalífinu. Næsta starfsár hvetjum við foreldra til að koma meira inn í leikskólann að morgni og þegar börnin eru sótt, sjá hvað þau fást við hverju sinni og eiga gott spjall við þau og starfsfólkið um leikskóladaginn og upplýsingar að heiman.

Deildarstjóri mun funda með stjórn foreldrafélags Barnaborgar að hausti og vori.

Aðalfundur foreldrafélagsins fer fram í mars eða apríl ár hvert.

Foreldraviðtöl fara fram í október/nóvember og svo aftur í mars/apríl.

Deildarstjóri finnur hentugan tíma fyrir hvert viðtal í samráði við foreldra.

Í fjöru- og sveitaferð er gott samstarf við foreldra mikilvægt. Þá er hægt að bjóða yngri börnum leikskólans í eigin bílstólum og í fylgd með foreldrum.

Öryggishandbók

Í Barnaborg skal tryggja börnum örvandi og öruggt umhverfi. Í starfinu er stuðst við *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014. Öryggi barna er einnig tengt viðbrögðum gegn einelti. Starfsfólk Barnaborgar er meðvitað um að einelti geti átt sér stað í leikskóla og ræðir samskipti og líðan barna á hverjum starfsmannafundi. Á starfsmannafundum er einnig rætt um útisvæði leikskólans sem og húsnæðið. Þar metur starfsfólk hvar mestar líkur virðast á að börn hnjóti eða meiði sig á annan hátt og ákveður hvernig þurfi að fylgjast með og bregðast við. Upplýsingum um það er komið til skólastjóra og húsvaðar.

Mætingarlisti þar sem börnin eru skráð inn og út er staðsettur á torgi skólans.

Lögð er áhersla á að starfsfólk viti alltaf réttan fjölda barna í leikskólanum, bæði úti og inni.

Neyðarkort með upplýsingum um hvert barn eru staðsett á hillu á torgi. Upplýsingar um símanúmer foreldra hanga á vegg á torgi. Sérstakar upplýsingar um ofnæmi og lyf eru geymd á ákveðnum stað og kynnt starfsfólki leikskólans.

Slys

Ef slys ber að höndum skal alltaf byrja á því að meta aðstæður og í verri tilvikum koma hinum börnunum út úr aðstæðunum og ræða við þau um það sem gerðist. Starfsfólk leitast alltaf við að halda ró sinni.

Minniháttar slys eru slys þar sem börnin t.d. detta eða rispa sig lítillega og nóg er að þrífa, kæla og hugga. Foreldrar fá upplýsingar í lok dags. Kælipoki er staðsettur í ísskáp. Sjúkrakassi er í neðstu hillu við hliðina á ísskáp.

Meiri áverkar: Ef barn hlýtur meiri áverka skal hafa samband við foreldra. Til dæmis högg á tennur, handleggsbrot eða vægt höfuðhögg. Í þessum tilfellum fara foreldrar sjálfir með barnið til læknis ef þörf er á.

Alvarleg slys: Við alvarleg slys, svo sem fótbrott, slæm höfuðhögg og hálsáverka er hringt strax í 112 og síðan í foreldra. Ef um hálsáverka er að ræða skal athuga hvort barnið dofnað upp með því að strjúka yfir lófa þess eða iljar með t.d. nál til að athuga hvort það finni fyrir því. Alls ekki má hreyfa barnið ef það finnur ekki fyrir neinu.

Vinnulag í Barnaborg

- ❖ Ár hvert er starfsáætlun leikskólans endurskoðuð.
- ❖ Allt starfsfólk er bundið trúnaði um vitneskju í starfinu um börnin og fjölskyldur þeirra. Sá trúnaður helst að starfi loknu.
- ❖ Starfsfólk skal reglulega fá fræðslu um öryggismál, slysavarnir og barnaverndarmál.
- ❖ Starfsfólk skal leitast við að tala jákvætt um vinnustaðinn sinn. Við leggjum áherslu á teymisvinnu og að allir geti komið með hugmyndir og athugasemdir um starfið. Starfsmannafundir verða einu sinni í mánuði, til að ræða málefni barnanna og skipulag starfsins.

- ❖ Við komum fram af sanngirni, sýnum börnunum hlýju og áhuga og leitumst við að mynda við þau tengsl. Við eigum í samræðum við hvert barn a.m.k. einu sinni á dag þar sem við leitumst við að kynnst hugmyndum þess, áhuga og styrkleikum.
- ❖ Við virðum fjölbreytileikann og stuðlum að jafnrétti í öllu okkar starfi.
- ❖ Við lítum á börnin sem samverkamenn starfsfólks og foreldra um góðan leikskóla.
- ❖ Nýtt starfsfólk fær viðtal hjá skólastjóra og kynningu á Þingeyjarskóla og skólasýn hans.
- ❖ Nýtt starfsfólk fær upplýsingar hjá deildarstjóra um verkefni í starfinu og kynningu á námskrá, starfsáætlun og vinnuskipulagi leikskólans.

Innra mat



Starfsárið 2022-2023 verður innra mat Barnaborgar stórelft. Skólastjóri og deildarstjóri sitja endurmenntunarnámskeið um innra mat. Matið er ávallt umbótamiðað og til þess ætlað að draga fram það sem vel er gert og leggja grunn að umbótaáætlun þar sem þess er þörf. Teymi um innra mat tekur til starfa í ágúst 2022. Í því sitja deildarstjóri, sérkennari og almennur starfsmaður Barnaborgar. Stefnt er að góðu samstarfi við foreldra, t.d. á fundum með stjórn foreldrafélags Barnaborgar og öðrum foreldrafundum. Þegar matið er komið af stað verður endurskoðað hverjir sitja í teyminu. Leikskólastarfinu er skipt niður í matsþætti og undirflokkar og áætlað er að á fimm starfsárum verði búið að fara yfir og meta þá alla.

Matsáætlun til fimm ára

Viðfangsefni:	2022 – 2023	2023 - 2024	2024 – 2025	2025 – 2026	2026 - 2027
Stjórnun:					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi				x	
Stjórnun og daglegur rekstur		x			
Faglegt samstarf					x
Leikskólaþróun og starfsþróun			x		
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x				

Uppeldis- og menntastarf:					
Skipulag náms og námsaðstæður	x				
Uppeldi, menntun og starfshættir		x			
Leikur og nám – Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna					x
Námssvið leikskólans				x	
Leikskóli án aðgreiningar – leikskóli fjölbreytileikans		x			
Mat á námi og velferð barna			x		
Leikskólabragur:					
Viðmót og menning				x	
Velferð og líðan barna	x				
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun					x
Viðhorf foreldra		x			
Mannauður:					
Hlutverk leikskólakennara				x	
Fagmennska starfsfólks			x		
Starfsánægja	x				
Innra mat:					
Framkvæmd			x		
Gagnaöflun og vinnubrögð				x	
Opinber birting og umbætur					x

Matsþættir skólaárið 2022 – 2023

Skólaárið 2022 – 2023 verða eftirfarandi þættir metnir:

- Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
- Skipulag náms og námsaðstæður
- Starfsánægja
- Velferð og líðan barna



Í ágústmánuði verður lokið við að ákveða markmið, viðmið og gagnaöflun fyrir hvern af þeim matsþáttum. Jafnframt verður settur tímarammi um matið innan starfsársins og ábyrgðaraðilar skilgreindir.

Við mat á leikskólastarfinu er notast við fjölbreytileg matstæki.

Uppeldisfræðilegar skráningar eru til þess ætlaðar að sýna og skilja hvernig nám á sér stað. Þær, ásamt ígrundun kennara og starfsfólks, samræður við börnin og samstarf við foreldra mynda grunninn að mati og þróun á leikskólastarfinu.

Heimildir

Beckett, T. (2019) Sådan kan pædagoger bedst hjælpe legen på vej. Sótt af: <https://www.eva.dk/dagtilbud-boern/saadan-paedagoger-bedst-hjaelpe-legen-paa-vej>

Bulkeley, J. (2009). Understanding how babies develop and learn through documenting their learning journeys. Í Fabian, H. og Mould, C. (ritstjórar) *Development and Learning for Very Young Children*, (bls. 23 – 34) Los Angeles: Sage.

Kristín Dýrfjörð. (2009, 27. september). Þegar barn byrjar í leikskóla. Mbl.is sótt af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1302120/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum*. Sótt af: http://www.samband.is/media/skolamal/Oryggishanbok_leikskola_2014.pdf

Mennta- og Menningarmálaráðuneytið. (2013). *Þemahefti um námsmat í leikskólum*. Sótt af: <http://vinnuvefur.namskra.is/um/myndefni-a-namskra-is/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*. Sótt af: <https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat mat leikskóla*. Mennta – og menningarmálaráðuneytið.

Þingeyjarsveit.(2010). *Erindisbréf fræðslunefndar*. Sótt af:

<https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/samthykkt-erindisbref/erindisbref/erindisbref-fraedslunefndar.pdf>

Þingeyjarsveit. (2013). *Skólastefna Þingeyjarsveitar 2013 – 2017*. Sótt af:

<https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/skolar/skolastefna-thingeyjarsveitar-2013-2017.pdf>

Þingeyjarsveit. (2019). *Verklagsreglur fyrir leikskóladeildir Þingeyjarskóla*. Sótt af:

<https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/verklagsreglur-fyrir-leikskoladeildir-thingeyjarskola.pdf>

Viðauki 1: Leikskóladagatal **Tengill í dagatal**

		Leikskóladagatal 2022 - 2023														
		AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ	JÚLÍ			
1. M	Éldagur verkunanna	1 F			1 P	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 M	1 M	1 M	1 F	1 L
2. P		2 F			2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 F	2 F	2 F	2 P	2 F	2 S
3. M		3 L			3 F	3 L	3 P	3 F	3 F	3 M	3 F	3 F	3 F	3 M	3 L	3 M
4. F		4 S			4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 P	4 L	4 L	4 L	4 F	4 S	4 P
5. F		5 M			5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6. L		6 P			6 S	6 P	6 F	6 M	6 M	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 P	6 F
7. S		7 M			7 M	7 M	7 L	7 P	7 P	7 F	7 P	7 P	7 F	7 S	7 M	7 F
8. M	Íbúðisvegabúur	8 F			8 P	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9. P	Leiðsöfnun	9 F			9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 P	9 F	9 F	9 P	9 P	9 F	9 S
10. M		10 L			10 F	10 L	10 P	10 F	10 F	10 M	10 F	10 M	10 M	10 M	10 L	10 M
11. F		11 S			11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 M	11 L	11 M	11 P	11 F	11 S	11 P
12. F		12 M			12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 S	12 M	12 M	12 F	12 M	12 M
13. L		13 P			13 S	13 P	13 F	13 M	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 L	13 P	13 F
14. S		14 M			14 M	14 M	14 L	14 P	14 P	14 L	14 P	14 F	14 F	14 S	14 M	14 F
15. M		15 F			15 P	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16. P		16 F			16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 P	16 F	16 F	16 S	16 P	16 F	16 S
17. M		17 L			17 F	17 L	17 P	17 F	17 F	17 M	17 F	17 M	17 M	17 M	17 L	17 M
18. F		18 S			18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 P	18 L	18 P	18 S	18 F	18 P	18 P
19. F		19 M			19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 S	19 M	19 M	19 F	19 M	19 M
20. L		20 P			20 S	20 P	20 F	20 M	20 M	20 M	20 M	20 M	20 F	20 L	20 P	20 F
21. S		21 M			21 M	21 M	21 L	21 P	21 P	21 L	21 P	21 F	21 S	21 M	21 M	21 F
22. M		22 F			22 P	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23. P		23 F			23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 P	23 F	23 F	23 S	23 P	23 F	23 S
24. M		24 L			24 F	24 L	24 P	24 F	24 F	24 M	24 F	24 M	24 L	24 M	24 L	24 M
25. F	Íbúðir 15.00	25 S			25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 P	25 L	25 P	25 S	25 F	25 S	25 P
26. F		26 M			26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 M	26 M	26 M	26 F	26 M	26 M
27. L		27 P			27 S	27 P	27 F	27 M	27 M	27 F	27 M	27 F	27 P	27 L	27 P	27 F
28. S		28 M			28 M	28 M	28 L	28 P	28 P	28 F	28 P	28 P	28 M	28 S	28 M	28 F
29. M		29 F			29 P	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 M	29 F	29 M	29 F	29 L
30. P		30 F			30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 F	30 F	30 S	30 P	30 F	30 S
31. M					31 L	31 M	31 P	31 F	31 F	31 M	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M

Nafn skóla: **Barnborg**

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Dagskipulag Barnaborgar

Viðauki 2: Dagskipulag Barnaborgar

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
7:45	Móttaka og frjáls leikur	Móttaka og frjáls leikur	Móttaka og frjáls leikur	Móttaka og frjáls leikur	Móttaka og frjáls leikur
8:30	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur	Morgunmatur
9:00	Samverustund Íþróttatími eldri barna	Samverustund	Samverustund Tónlistartími yngri barna	Samverustund	Samverustund
9:15	Leikur og sköpun* Áhersla á vinnu með jávæðan ága	Leikur og sköpun* Listasmiðja**	Leikur og sköpun*	Leikur og sköpun* (Þróttatími yngri barna með Völu	Leikur og sköpun*
10:10	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni
11:20	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong
11:30	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur	Hádegismatur
12:15	Hvild og róleg stund	Hvild og róleg stund	Hvild og róleg stund	Hvild og róleg stund	Hvild og róleg stund
12:50	Útívera	Útívera/listasmiðja**	Útívera	Tónlistartími í tónlistarstofu/útívera	Útívera/leikur inni
14:15	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong	Tiltekt og tong
14:30	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing	Nónhressing
14:50	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund	Samverustund
- 16:15	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni	Útívera/leikur inni

*Frjáls leikur, unnið með þemu, tónlist og fleira.

** Farið í verkgrænasstofur grunnskólans og unnið með fjálfreyttan efnivið.